Reykjavík

Félagsmiðstöðin Plútó

Aðgerðaráætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 4
Helstu dagsetningar 4
- Ágúst 4
- September 4
- Október 4
- Nóvember 4
- Desember 4
- Janúar 4
- Febrúar 4
- Mars 4
- Apríl 4
- Maí 4
- Júní 4
- Júlí 4

Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar Plútó auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og áherslum frístundamiðstöðvar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áherslubætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Virk þáttaka og lýðræði

- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.

Starfshættir og viðfangsefni

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennis af hlýju, öryggi og virðingu.
- Lögð er áhersla á forvarnar-, menntunar og/eða afþreyingargildi við dagskrárgerð í félagsmiðstöðinni.
- Reglulega eru haldnir viðburðir (s.s. ferðir, sýningar, keppnir, böll, þemakvöld og heimsóknir).

Mannauður og faglegt starf

- Félagsmiðstöðin veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.

Bjargir og skipulag

- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á Abler og á samfélagsmiðlum).
- Fjölbreytt úrval af efnivið er til staðar (sbr. gátlista um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Bjargir og skipulag

- Húsnæði félagsmiðstöðvarinnar uppfyllir skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva (sbr. gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva).

Virk þátttaka og lýðræði

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.

Umbótaáætlun 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hverja aðgerð (passið að hafa aðgerðirnar ekki of margar, þarf að vera raunhæft að þær komist til framkvæmda á starfsárinu).

Heiti aðgerðar: Dagskrá hugmyndir	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Virk þátttaka og lýðræði
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Festa verklag í sessi til þess að fá hugmyndir frá fjölbreyttari hópi varðandi hugmyndir á dagskrá sérstaklega þegar kemur að 5.-7.bekk.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja tíma til þess að fara í bekki og tala við hvern árgang til þess að þau geti haft áhrif á dagskrána.
Ábyrgð	Hera Jónsdóttir og Sandra Lilja Björnsdóttir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust 2026 og áætluð lok vor 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Taka stöðuna hvern mánuð hvort að fleiri skili sér inn í starfið okkar.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fylgjast með hvort að fjölbreyttari hópur sæki félagsmiðstöðina þegar hugmyndir þeirra eru settar á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Á starfsárinu er eitt af áherslum okkar að halda uppi fjölbreyttu klúbbastarfi í félagsmiðstöðinni.

Jaðaríþróttaklúbbur

Fyrir stelpur í 9. og 10.bekk á haustönn í samstarfi við Sigyn og Mána sem eru tímavinnustarfsmenn hjá Brúnni og Austurmiðstöð. Markmið klúbbsins er að þátttakendur stígi út fyrir þægindarammann, prófi nýja hluti og styrki sjálfstraust sitt.

Átturnar

Klúbbur fyrir 8.bekkjar stelpur með það að markmiði að kynnast þeim betur og hvetja þær til virkrar þátttöku í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Föndurklúbbur

Föndurklúbburinn er annað hvert mánudagskvöld þar sem þátttakendur geta dundað í rólegu umhverfi með starfsfólki að föndra fjölbreytta hluti þar má nefna að sauma, mála, föndra með keramík og fleira. Markmiðið er að unglingar sem hafa áhuga á föndri geti verið í afmörkuðum hóp þar sem áhugasvið þeirra getur blómstrað.

Helstu dagsetningar

Ágúst
- Skólasetning 24. Ágúst

September
- Haustball
- Brúarleikarnir
- Bekkjarkvöld

Október
- Landsmót Samfés
- Félagsmiðstöðvarvikan
- Sameiginlegt halloween ball í 113 fyrir 10-12 ára starfið

Nóvember
- Skrekkur
- Foreldrafundur með skólanum

Desember
- Jólaball

Janúar
- Nýársball
- Náttfatanótt/gistinótt 10.bekkjar

Febrúar
- Vika 6
- Söngkeppni Brúarinnar
- Vetrarfrí

Mars

- Danskeppni Samfés
- Stíll
- Árshátíð Sæmundarskóla og Plútó
- Skíðaferð

Apríl
- Barnamenningarhátíð
- Starfsþróunarsamtöl

Maí
- Samfest
- Hinsegin vika
- Heimsókn frá 4.bekk

Júní
- Skólaslit
- Sumarstarf

Júlí
- Sumarstarf